



Reglur um borgarhátíðir Reykjavíkur 2020-2022

Samþykktar í borgarráði 4. júlí 2019

Á árinu 2019 geta hátíðir sótt um að verða borgarhátíð Reykjavíkur 2020-2022 með þriggja ára samstarfssamningi, sem auk þess felur í sér ýmsa aðra samstarfsmöguleika við borgina. Faghópur mun fara yfir umsóknir og skila greinargerð um þær til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs, sem tekur endanlega ákvörðun um hvaða hátíðir verða fyrir valinu. Frestur til að sækja um er til 30. ágúst og skal umsókn send á menning@reykjavik.is merkt „Umsókn um borgarhátíð Reykjavíkur 2020-2022“.

Fimm fulltrúar eru í faghópnum, einn tilnefndur af Samtökum ferðaþjónustunnar, einn af Samtökum verslunar og þjónustu, einn af Bandalagi íslenskra listamanna og tveir frá Reykjavíkurborg. Formaður faghópsins er fulltrúi Reykjavíkurborgar. Ekki er gert opinbert fyrr en að úthlutun lokinni hverjir sitja í faghópnum. Starfsmaður skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs er faghópnum til ráðgjafar og leiðbeiningar og situr fundi hópsins eftir því sem þörf krefur, og tekur jafnframt við fyrirspurnum umsækjenda. Við skipun í faghóp skal taka mið af II. kafla stjórnarsýslulaga um sérstakt hæfi. Sama gildir ef hópurinn hefur hafið störf og spurning um vanhæfi kemur upp. Jafnframt ber að gæta að jöfnum kynjahlutföllum.

Hátíðir sem uppfylla eftirtalin skilyrði eiga möguleika á að vera valdar borgarhátíðir Reykjavíkur:

- a) vera til eflingar menningar og mannlífs í Reykjavík
- b) vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- c) hafa verið haldin að lágmarki þrisvar sinnum
- d) vera haldin árlega
- e) vera með alþjóðlega tengingu
- f) standa yfir í þrjá daga eða lengur
- g) vera með faglega stjórn
- h) viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- i) fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- j) styðja við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- k) að hátíðin stuðli að atvinnusköpun

Jafnframt er litið til atriða eins og nýsköpunar, barnamenningar, aðsóknar, stöðugleika, þróunarmöguleika, tímasetningar innan ársins, möguleika hátíðanna á eigin tekjuöflun, umhverfismála, samstarfs við borgarstofnanir og þess að þær endurspegli fjölbreytileika samfélagsins bæði varðandi gesti og þátttakendur.

Borgarhátíðir Reykjavíkur 2020-2022 verða tilkynntar ekki seinna en 1. október 2019. Umsóknir þeirra hátíða sem sækja um að verða borgarhátíð Reykjavíkur en hljóta ekki brautargengi verða teknar til skoðunar sem umsókn um samstarfssamning við Reykjavíkurborg til tveggja eða þriggja ára, nema umsækjandi óski sérstaklega annars.